

A 1750/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um  
**þingmannatillögu um kjarnorkuafvopnun á alþjóðavettvangi**

**Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær haldi áfram að samræma viðleitni sína við kjarnorkuafvopnun á alþjóðavettvangi.

**Forsaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær skuldbindi sig til að vinna að kjarnorkuafvopnun á alþjóðavettvangi;

að þær kanni hvort Norðurlöndin og norðurskautssvæðið geti orðið kjarnorkuvopnalaus svæði;

að þær undirriti samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.

Svipaðri tillögu frá sama flokkahópi var hafnað af forsætisnefnd árið 2016. Í það skiptið færði forsætisnefndin fram þau rök að Norðurlöndin væru þá þegar kjarnorkuvopnalaus svæði og að tillaga af sama toga hefði þegar verið samþykkt í mars 2011. Norðurlandaráð sá sér til ánægju í desember 2011, eftir að svör höfðu borist frá ríkisstjórnunum Norðurlanda, „að ríkisstjórnirnar ynnu á virkan hátt að áframhaldandi kjarnorkuafvopnun og að þær styddu einnig myndun kjarnorkuvopnalausra svæða, þar sem það þjónaði tilgangi sínum“.

**Sjónarmið forsætisnefndarinnar**

Öll Norðurlöndin óska þess heitast að hafa kjarnorkuvopnalausn heim en ólík aðild að bandalögum kemur í veg fyrir sameiginlega norræna afstöðu í öllum málum er varða kjarnorkuvopn.

Meirihluti forsætisnefndar taldi hins vegar að þetta stæði ekki í vegi fyrir að Norðurlandaráð sendi frá sér yfirlýsingu um kjarnorkuvopn. Að tillögu flokkahóps jafnaðarmanna samþykkti meirihluti forsætisnefndar með 11 atkvæðum eftirfarandi



málslið: „Að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda að þær haldi áfram að samræma viðleitni sína við kjarnorkuafvopnun á alþjóðavettvangi". Tillagan naut stuðnings frá flokkahópi miðjumanna og Norrænum vinstri grænum, eða alls 11 atkvæði.

Flokkahópur hægrimanna lagði fram gagn tillögu sem naut stuðnings frá Norrænu frelsi, eða alls 4 atkvæði. „Forsætisnefndin telur að umræðan um þessa tillögu sé ekki nægjanlegur grundvöllur til þess að tjá sig um kjarnorkuafvopnun á alþjóðavettvangi".

Kaupmannahöfn, 28. nóvember 2017

*Bertel Haarder (V)*

*Britt Lundberg (ÁC)*

*Christian Juhl (EL)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Henrik Dam Kristensen (S)*

*Kjersti Toppe (Sp)*

*Martin Kolberg (A)*

*Oddný G. Harðardóttir (A)*

*Phia Andersson (S)*

*Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)*

*Staffan Danielsson (C)*